

Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans í Reykjavík
2013 - 2014

Gæðastjóri

Eydís Ýr Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Síðastliðin ár	3
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2013- 2014	3
2.2.1	Samantekt jólaþróa	3
2.2.2	Kennslukönnun	4
2.2.3	Starfsfólk líðan, þarfir og starfsandi	9
2.2.4	Starfendarannsóknir.....	10
2.2.5	Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið	10
2.2.6	Stoðþjónusta	11
2.2.7	Ráðstöfun auðlinda.....	11
2.2.8	Umbótaáætlun	11
2.3	Annað	13
3.	Lokaorð	13

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtíma ávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Enn fremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra hlutaðeigandi.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir fimm síðastliðin ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsgöðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og það sem miður fer og hjálpar til gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, fulltrúum fagstjóra, kennslustjóra og gæðastjóra. Tveir þeir síðast töldu skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið skólans að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður uppá.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbriggt lífni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmynd og mótuneyti nemanda býður upp á hollan mat í hádeginu.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennta- og menningar-málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,90%	118	14,20%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25

Í upphafi skólaárs 2013-14 voru innritaðir nemendur 897, þar af voru 174 eða 19% á málabraut og 723 eða 81% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 56% nemenda stúlkur og 44% piltar. Í vor voru 187 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2013-14 voru starfsmenn skólans 97, þar af 75 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 bókasafnsfræðingur, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mótuneytis, 2 hjúkrunarfræðingar, 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu og umsjón með námskerfi) og 6 með ræstingar. Kynjaskipting var nokkuð jöfn í kennarahópnum, 52 konur og 45 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 7 þeirra eru með doktorspróf og 37 með meistaraþróf. Allir kennarar eru með kennsluréttindi nema nokkrir þeirra sem kenndu 6 tíma eða færri á viku og venjulega þá valgreinar. Einn kennari var með undanþágu undanþágunefndar til kennslu. Ellefu kenndu 6 tíma eða færri og þá venjulega val en aðrir hafa kennsluréttindi.

2. Sjálfsmat

2.1 Síðstliðin ár


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og rafræn kennslukönnun, sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni, heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2013-2014 snéri hún að stjórn skólans og þjónustusviði. Starfendakannanir eru gerðar reglulega og skólaárið 2013-2014 laut hún að stærðfræðikennslu. Undanfarin ár hafa rafrænar viðhorfskannanir verið sendar til forráðamanna nýnema og nemenda í 4.bekk. Hún var þó ekki gerð 2013-2014 en verður gerð aftur 2014-2015.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli, sett niður starfsteymi til að velja hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að líta til veikra og ekki síður sterkra hliða niðurstöðu könnunar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2013 - 2014

2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Niðurstöður jólaþrófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í janúar.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþrófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur, með lesröskun og nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

2.2.2 Kennslukönnun

Í apríl 2014 var gerð kennslukönnun meðal allra nemenda skólans. Síðastliðin þrjú ár hefur könnunin verið gerð rafrænt. Það hefur þótti takast nokkuð vel og var því ákveðið að hafa sama háttinn á að þessu sinni. Könnunin er viðhorfskönnun og er í tveimur hlutum. Sá fyrri snýr að kennslu og viðhorfi til kennara en sá seinni að stjórn skólans og þjónustusviði.

Niðurstöður kennslukönnunar

Eftirfarandi töflur sýna svör nemenda við spurningum í könnunarinnar. Einnig gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á skalanum 1 til 10.

Fjöldi þátttakenda í I. hluta könnunarinnar var 632 sem er 72,72% svarhlutfall.

Samantekt viðhorfskönnunar í I. hluta kennslukönnunar er svohljóðandi:

Samantekt um kennara	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	3011	1128	536	112	45	4832
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	2556	1216	645	272	124	4813
Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	2986	971	555	212	85	4808
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	2626	1125	639	292	136	4818
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	1853	1369	989	412	177	4800
Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	2107	1417	918	268	94	4804

	Mjög ánægð(ur)	Ánægður	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	2207	770	843	184	529	4533
Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	1264	584	1074	397	1164	4483
	Mjög ánægð(ur)	Ánægður	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Finnst þér vinnuálagið í námsgreininni vera of mikið eða of lítið?	226	633	3611	248	58	4776
	Mjög ánægð(ur)	Ánægður	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	1873	2369	190	44	209	4685
Samtals	20709	11582	10000	2441	2621	47353

Við nánari samantekt á framangreindri viðhorfskönnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. 85% eru mjög ánægð eða ánægð með undirbúning kennarans fyrir kennslustundir.
2. 78% eru mjög ánægð eða ánægð með útskýringar kennarans á námsefninu.
3. 82% eru mjög ánægð eða ánægð með hvernig kennarinn bregst við spurningum um námsefnið.
4. 78% eru mjög ánægð eða ánægð með samskiptin við kennarann.
5. 67% eru mjög ánægð eða ánægð með hvernig kennara tekst að virkja nemendur í kennslustundum en 20% eru í meðallagi ánægð.
6. 73% eru mjög ánægð eða ánægð með hve kennara tekst að halda uppi góðum aga í bekknum en 19% telja að það takist í meðallagi.
7. 66% eru mjög ánægð eða ánægð með að kennarinn skráir skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 18% telja að það takist í meðallagi.
8. 41% eru mjög ánægð eða ánægð með að kennarinn birti einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 23% telja að það takist í meðallagi en 35% eru óánægð eða mjög óánægð.
9. 18% eru mjög ánægð eða ánægð með vinnuálag í viðkomandi grein, 75% eru í meðallagi ánægð en 0,6 % eru óánægð eða mjög óánægð.
10. 90% eru mjög ánægð eða ánægð með tengsl heimavinnu við námsefnið.

Af þessari samantekt má sjá að meirihluti nemenda er mjög ánægður eða ánægður með kennara sína og nám almennt. Útkoman er svipuð og síðastliðið ár og er samkvæmt viðmiði sem var að æskilegt væri að 90% nemenda væru mjög ánægðir, ánægðir og í meðallagi ánægðir.

Það eru lídir 7, 8 og 9 sem þarfnast frekari athugunar.

- 66% eru mjög ánægð eða ánægð með að kennarinn skráir skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 18% telja að það takist í meðallagi.

- 41% er mjög ánægt eða ánægt með einkunnabirtingu á Námsnetinu. Svo virðist sem Námsnetið sé ekki nógu mikið notað af kennurum og þar þarf að bæta um betur. (Sjá lið 2.2.8 Umbótaáætlun)
- Aðeins 18% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með vinnuálag en 75% eru í meðallagi ánægð. Hér er tilefni til nánari athugunar. (Sjá lið 2.2.8 Umbótaáætlun)

Nemendur gáfu kennurum sínum einkunn á bilinu 1-10. Meðaltal einkunna var **8,14**.

19 kennarar eða 25% fengu ágætiseinkunn.

39 kennarar eða 51% fengu I. einkunn.

17 kennarar eða 22% fengu II. einkunn.

2 kennarar eða 3% fengu III. einkunn.

Viðmiðið var að 75% fengju ágætis eða I. einkunn og er því marki náð.

Í II. hluta könnunarinnar Stjórn skólans og þjónustusvið var sami háttur hafður á og í I. hlutanum.

Fjöldi þátttakenda í II hluta könnunarinnar Stjórn skólans og þjónustusvið var 372 nemendur. Niðurstöður eru svohljóðandi:

Samantekt um nemendur	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Hefur þú leitað til hjúkrunarfræðings?	37	77	129	11	114	368
Heimsóknin nýttist mér vel:	43	55	237	12	11	358
Viðmót hjúkrunarfræðinga er gott:	71	58	224	1	3	357
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Ég er ánægð(ur) með opnunartíma bókasafnsins:	85	155	87	30	5	362
Þjónusta bókasafnsins nýttist mér:	134	174	47	3	3	361
Viðmót starfsmanna bókasafnsins er gott:	181	123	51	6	0	361
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Það er auðvelt að ná fundi námsráðgjafa:	73	56	218	13	1	361
Ég var sátt(ur) við staðsetningu á skrifstofu námsráðgjafa:	70	72	201	14	4	361
Heimsóknin nýttist mér vel:	73	51	214	13	3	354
Viðmót námsráðgjafa er gott:	98	56	193	7	0	354

	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Ég er ánægð(ur) með það fæði sem boðið er uppá í Kakólandi:	117	149	46	41	6	359
Mér fannst þjónusta Kakólands vera góð:	217	116	26	1	2	362
Viðmót starfsmanna Kakólands er gott:	263	73	23	2	1	362
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Ég er ánægð(ur) með þjónustu á skrifstofu skólans:	149	181	23	6	1	360
Viðmót starfsmanna á skrifstofu skólans er gott:	164	154	28	13	1	360
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Viðmót húsvarðar er gott:	145	141	48	20	5	359
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Það var auðvelt að ná fundi kennslustjóra:	51	29	264	6	3	353
Heimsóknin nýttist mér vel:	56	22	267	0	2	347
Viðmót kennslustjóra er gott:	80	26	242	0	0	348
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Það var auðvelt að ná fundi konrektors:	56	61	229	2	2	350
Heimsóknin nýttist mér vel:	61	50	227	5	4	347
Viðmót konrektors er gott:	64	61	210	9	4	348
	Mjög ánægð(ur)	Ánægð(ur)	Í meðallagi ánægð(ur)	Óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi
Það var auðvelt að ná fundi rektors:	46	53	245	2	2	348
Heimsóknin nýttist mér vel:	61	32	254	0	0	347
Viðmót rektors er gott:	130	39	117	2	1	349
Samtals	2525	2064	3910	219	178	9255

Við nánari samantekt á framangreindri könnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. **Spurningar varðandi hjúkrunarfræðing.**

90% svarenda sögðust vera mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með heimsókn til hjúkrunarfræðings.

95% svarenda voru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót hjúkrunarfræðings.
2. **Spurningar varðandi bókasafn.**

88% svarenda voru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með opnunartíma bókasafnsins.

95% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hve þjónusta safnsins hefur nýst þeim.

95% svarenda voru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót starfsmanna bókasafnsins.
3. **Spurningar varðandi námsráðgjafa.**

93% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hve auðvelt er að ná fundi námsráðgjafa.

92% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með staðsetningu á skrifstofu námsráðgjafa og 91% mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með hvernig heimsóknin nýttist þeim.

93% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót námsráðgjafa.
4. **Spurningar varðandi Kakóland**

84% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með fæðið.

96% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með þjónustuna og 97% eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót starfsmanna Kakólans.
5. **Spurningar varðandi skrifstofu skólans.**

95% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með þjónustu á skrifstofu skólans og 95% eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót starfsmanna skrifstofunnar.
6. **Spurning varðandi húsvörð.**

89% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót húsvörðar.
7. **Spurningar varðandi kennslustjóra.**

92% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hversu auðvelt er að ná fundi kennslustjóra. 93% eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hversu vel heimsóknin nýttist og 94% voru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót kennslustjóra.
8. **Spurningar varðandi konrektor.**

93% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hve auðvelt var að ná fundi konrektors, 90% eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hversu vel heimsóknin nýttist og 90% eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót konrektors.
9. **Spurningar varðandi rektor.**

92% svarenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hve auðvelt var að ná fundi rektors, 93% eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með það hversu vel heimsóknin nýttist og 93% voru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með viðmót rektors.

Af þessari samantekt má ráða að flestir nemendur eru ánægðir með stjórn og þjónustusvið skólans og er það í samræmi við viðmið sem var 90%. Könnunin var gölluð að hluta til þar sem ein spurning krafðist já eða nei svars. Einnig hefði þurft að kanna hvort svarendur hefðu þurft að nota þjónustuna eða ekki. (Sjá lið 2.2.8 Umbótaáætlun)

2.2.3 Starfsfólk líðan, þarfir og starfsandi

Viðhorfskönnun starfsfólks við Menntaskólann í Reykjavík.

Líðan kennara, starfsandi og samstarf skiptir miklu máli í almennu skólastarfi. Í febrúar 2014 var lögð könnun fyrir kennara skólans þar sem þessi atriði voru könnuð. Stuðst var við forritið Questionpro.com. Könnunin var opin í þrjár vikur og var hlutfall svarenda 98%.

Kennarar svöruðu níu spurningum og voru niðurstöður svohljóðandi:

1. Styð stefnumörkun skólans með bóknám í bekkjakerfi.

Niðurstaða: 95.8% voru mjög sammála, eða fremur sammála. 2.1% voru fremur ósammála og 2.1% svöruðu ekki spurningunni.

2. Er í góðu samstarfi innan þess þjónustusviðs/deildar þar sem ég vinn.

Niðurstaða: 91.7% voru mjög sammála eða fremur sammála. 6.3% voru fremur ósammála og 2,1% svöruðu ekki spurningunni.

3. Hef góð tengsl við nemendur skólans.

Niðurstaða: 97.9% voru mjög sammála eða fremur sammála. 2.1% svöruðu ekki spurningunni.

4. Hef tækifæri til að taka þátt í mótun framfara innan skólans/deildarinnar.

Niðurstaða: 76.8% voru mjög sammála eða fremur sammála. 17% voru fremur eða mjög ósammála og 6.4% svöruðu ekki spurningunni.

5. Finn fyrir hvatningu til þátttöku við gerð skólanámskrár.

Niðurstaða: 60.9% voru mjög sammála eða fremur sammála. 26.1% voru fremur eða mjög ósammála og 13% svöruðu ekki spurningunni.

6. Tek þátt í félagslífi starfsmanna svo sem ferðalögum og skemmtunum.

Niðurstaða: 70.2% voru mjög sammála eða fremur sammála. 17% voru fremur eða mjög ósammála og 12.8% svöruðu ekki spurningunni.

7. Er sátt(ur) við fyrirkomulag vinnutímans.

Niðurstaða: 91.7% voru mjög sammála eða fremur sammála. 6.3% voru fremur eða mjög ósammála og 2.1% svöruðu ekki spurningunni.

8. Álag í starfi er hæfilegt.

Niðurstaða: 51.1% voru mjög sammála eða fremur sammála. 42.6% voru fremur eða mjög ósammála og 6.4% svöruðu ekki spurningunni.

9. Er ánægð(ur) í starfi mínu.

Niðurstaða: 91.7% voru mjög sammála eða fremur sammála. 4.2% voru fremur ósammála og 4.2% svöruðu ekki spurningunni.

Ef niðurstöður þessar eru dregnar saman sést að yfir 90% kennara Menntaskólans í Reykjavík eru ánægðir með bekkjarkerfið, eru í góðu sambandi við samstarfsmenn innan sinna deilda og nemendur. Þeir eru sáttir við fyrirkomulag vinnutíma og eru almennt ánægðir í starfi og er það í samræmi við viðmið sem var 90% (spurningar 1,2,3,7 og 9).

Aftur á móti eru ekki jafn margir sammála þegar kemur að mótun framfara, þátttöku við gerð skólanámskrár og félagslífi, þá koma fram tölur frá 60.9% – 76.8% (Spurningar 4,5 og 6).

Rétt rúmlega helmingur kennara, eða 51,1% telur álag í starfi hæfilegt en 42,6% telja það vera of mikið (spurning 8). Þarna kemur fram allmikill munur á viðhorfi til álags og verður rannsakað nánar skólaárið 2014-2015 þegar ráðgert er að leggja könnunina fyrir aftur?

Viðmið var 90% og verða þessi atriði athuguð sérstaklega á næsta og þar næsta ári (sjá umbótaáætlun 2.2.8)

2.2.4 Starfendarannsóknir

Veturinn 2013-2014 var gerð starfendarannsókn meðal nemenda í Náttúrufræðideild.

Starfendarannsókn

Stærðfræðikennari gerði athugun á heimavinnu nemenda á 2. ári. Níu spurningar voru lagðar fyrir tvo hópa á náttúrufræðibraut 2, 4.U og 4.R. Þessir bekkir hafa 7 tíma í stærðfræði í viku eins og náttúrufræðibraut 1 en áherslur á lesið efni eru minni. Sá tímasparnaður sem næst við að fara í færri formleg atriði í texta en leysa nánast sömu dæmaverkefni á að gefa nemendum meiri tíma til dæmareiknings. Nemendur sem velja náttúrufræðibraut 2 eiga sumir í erfiðleikum með stærðfræðina eða eru áhugalausir um hana og höfðu margir nemendur í hópnum verið fremur aðgerðarlitlir svo kennari tók til þess ráðs að láta nemendur skila heimaverkefnum hálfsmánaðarlega á móti skriflegum æfingum sem einnig eru hálfsmánaðarlega. Þetta var gert til að örva nemendur til vinnu.

Dæmin voru leiðrétt, skrifaðar leiðbeiningar og gefnar lausnir eftir því sem við átti. Heimtur lausna voru misjafnar þótt ljóst væri að yfirferð úrlausna og mat á þeim væri liður í námsmati fyrir námseinkunn. Sumir nemendur skiluðu alltaf en aðrir sjaldan.

Spurningalisti var lagður fyrir til að kanna hvort nemendum þætti ávinningur af þessari vinnu, hvort verkefnavalið væri við hæfi og hve langan tíma nemendur tækju til að leysa verkefni. Einnig var reynt að grafast fyrir um hvort nemendur ynnu lausnir í samvinnu eða einir.

Í 4.U voru 23 nemendur og svöruðu þeir 18 sem mættir voru. Af þessum nemendum er einn sem kom inn í hópinn eftir jólaþróf og átti hann því erfitt með að tjá sig um heimaverkefni.

Í 4.R voru 15 nemendur og svöruðu þeir allir en af sömu ástæðu og í 4.U átti einn þeirra erfitt með að tjá sig um heimaverkefni.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru að flestum nemendum þótti vinnuálagið hæfilegt, samvinna var mismikil og flestir töldu sig hafa mikið eða nokkuð gagn af því að lesa athugasemdir kennara. Kennari gat hins vegar tekið til greina athugasemdir um læsileika athugasemda og reynt að skrifa skýrar og hafa tilvísanir í kennsluefni skýrari.

2.2.5 Ytri tengsl – Önnur skólastig og nærsamfélagið

Önnur skólastig

Tengsl við grunnskóla:

Menntaskólinn í Reykjavík skipuleggur keppni í stærðfræði fyrir 8. 9. og 10. bekk tiltekinna grunnskóla. Síðastliðin ár hefur verið öflugt samstarf milli stærðfræðikennara skólanna. Sérstakur kynningarfundur er haldinn á vorin þar sem stærðfræðikennarar skiptast á skoðunum um stærðfræðikennslu og námsefni, og farið er yfir fyrirkomulag keppinnar. Að

lokinni keppni fá nemendur bréf frá skólanum um frammistöðu sína, svipað og viðgengst í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna.

Tengsl við háskóla:

Á fundi með fagstjórum kom fram að flestir kennarar skólans fylgjast vel með kennsluefni háskólanna, hver í sinni grein, til að geta betur undirbúið nemendur sína fyrir framhaldsnám. Prófdómarar á stúdentsprófum eru gjarnan fengnir frá háskólunum til að meta nemendur og gefa kennurum ábendingar um hvað megi betur fara í kennslunni til að mæta kröfum háskólanna. Nú er svo komið að vegna niðurskurðar eru eingöngu prófdómarar í munnlegum prófum.

Nærsamfélagið

Menntaskólinn í Reykjavík tekur árlega þátt í kynningu framhaldsskólanna fyrir nemendur grunnskólanna. Nemendur í 10 bekk koma ásamt kennurum sínum í heimsókn í skólann og á vorin er ávallt opið hús fyrir grunnskólanemendur og foreldra þeirra þar sem kennarar kynna deildir skólans og nemendur eldri bekkja ásamt kennurum sýna húsakynni skólans og aðstöðu til leiks og náms.

2.2.6 Stoðkerfi Menntaskólans í Reykjavík.

Í samræmi við skólasamning milli Menntaskólans í Reykjavík og mennta- og menningarráðuneyti rekur skólinn öfluga stoðþjónustu. Auk starfsemi hjúkrunarfræðinga og námsráðgjafa er boðið upp á ýmis konar stoðtíma til að aðstoða nemendur við að ná betri árangur í námi. Nemendum standa til boða stoðtímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð svo sem í íslensku, stærðfræði, efna- og eðlisfræði og latínu. Um langt skeið hefur verið boðið upp á lengri prófatíma fyrir nemendur með leströskun, kvíðaraskanir, athyglisbrest og fleira og hafa þeir ásamt nemendum sem hafa annað móðurmál fengið námskeið við sitt hæfi. Einnig er boðið upp á aukatíma í stærðfræði fyrir nemendur sem hafa sérstakan áhuga á þrautalausnum.

2.2.7 Ráðstöfun auðlinda

Skólaárið 2011-2012 var ákveðið að færa ræstingar í skólanum frá verktaka til starfsmanna skólans. Í apríl 2014 var gerð óformleg úttekt á starfinu meðal kennara og var niðurstaðan almenn ánægja með nýja fyrirkomulagið. Kennslustofur, salerni, gangar, sameiginleg rými og skrifstofur eru betur þrífir og engar kvartanir bárust rektor eða konrektor um vanþríf.

2.2.8 Umbótaáætlun

Í viðhorfshluta kennslukönnunar sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám, kemur fram að flest atriðin sem spurt er um hafa fengið jákvætt mat nemenda, svipað eða jákvæðara mat en fyrir ári síðan og einnig fengu kennarar góða einkunn frá nemendum en meðaltal einkunna var **8,14**.

Það kemur þó í ljós umbóta er þörf í þremur atriðum.

1. a) 64% nemenda eru mjög ánægð, ánægð eða í meðallagi ánægð með að kennarinn birti einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, en 35% eru óánægðir eða mjög óánægðir. Svipaðar niðurstöður komu fram á fyrra ári og svo virðist að ekkert hafi breyst. Úr því þarf að bæta og verða kennarar óspart hvattir til að birta einkunnir nemenda sinna á Námsnetinu. (Sjá aðgerðaáætlun hér síðar)

b) 18% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð, 75% eru í meðallagi ánægð en 0,6% eru óánægð eða mjög óánægð með vinnuálag. Kennarar hafa undanfarin ár notað tölvukerfi

skólans til að koma í veg fyrir að skiladagar verkefna og próf rekist á og þannig reynt að koma í veg fyrir of mikið álag. Mun gæðastjóri hvetja til þess að þessu verði samviskulega haldið áfram. Í starfendakönnunum næsta árs verður þetta atriði einnig kannað. (Sjá aðgerðaáætlun hér síðar)

2. Varðandi könnun um afstöðu nemenda til stjórnar skólans og þjónustusviðs í kennslukönnun kemur fram að svör um og yfir 90% nemenda eru mjög jákvæð, frekar jákvæð eða í meðallagi gagnvart þeim atriðum sem spurt er um.

Könnunin var gölluð að hluta til þar sem ein spurning krafðist já eða nei svars. Einnig hefði þurft að kanna hvort svarendur hefðu þurft að nota þjónustuna eða ekki. Í framtíðinni verður reynt að komast hjá svona göllum og mun gæðanefnd annast það. (Sjá aðgerðaáætlun hér fyrir neðan)

3. Í viðhorfskönnun starfsfólks: Starfsfólk, líðan, þarfir og starfsandi, sést að yfir 90% kennara Menntaskólans í Reykjavík eru ánægð með bekkjarkerfið, eru í góðu sambandi við samstarfsmenn innan sinna deilda og nemendur. Þeir eru sáttir við fyrirkomulag vinnutíma og eru almennt ánægðir í starfi. Þrjú atriði sem spurt er um koma ekki eins vel út.

a) 60,9% kennara eru ánægð með mótun framfara, þátttöku við gerð skólanámskrár. Hér má bæta um betur og verður það tekið til athugunar næsta ár í rýnihópum (sjá aðgerðaáætlun).

b) 70,2% kennara voru ánægð og taka þátt í félagslífi. Gott félagslíf er afar mikilvægur þáttur á vinnustöðum og verður afstaða starfsfólks til félagslífs innan skólans tekin til athugunar næsta ár í rýnihópum (sjá aðgerðaáætlun).

c) Rétt rúmlega helmingur kennara, eða 51,1% telur álag í starfi hæfilegt en 42,6% telja það vera of mikið. Þarna kemur fram allmikill munur á viðhorfi til álags og verður rannsakað nánar skólaárið 2014-2015 þegar ráðgert er að leggja könnunina fyrir aftur.

Áður en formlegt sjálfsmat fer af stað skólaárið 2014-2015 verða skipuð matsteymi í skólanum til að undirbúa þær rannsóknir sem gerðar verða með áherslu á rammaáætlun og nefndar verða í sjálfsmatsáætlun.

Aðgerðaráætlun:

Atriði sem þarf að laga	Ábyrgðarmaður	Hvenær	Hvernig
1. Kennarar setji einkunnir á Námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2014	Sendu póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
2. Kennarar færi prófa- og skiladaga verkefna inn á Námsnetið	Gæðanefndin	Haust 2014	Sendu póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors
3. Áreiðanleiki kannana	Gæðanefndin	Haust og vor 2014-2015	Athuga að allar kannanir séu í lagi, að spurningar og möguleg svör passi saman.
4. Mótun framfara, þátttaka við gerð skólanámskrár	Gæðanefndin	Haust 2014	Mynda rýnihópa sem skila skýrslu vor 2015
5. Félagslíf	Gæðanefndin	Haust 2014	Ræða við skemmtinefnd sem skilar skýrslu vor 2015
6. Álag í starfi	Gæðanefndin	Haust 2015	Rýnihópar. Niðurstöður könnunar 2014-15 greindar og tillögur til úrbóta settar fram 2015-2016

2.3 Annað

Síðastliðin ár hafa reglubundið verið gerðar starfendarannsóknir við skólann. Veturinn 2013-2014 laut sú rannsókn að stærðfræðikennslu.

Veturinn 2012-13 stóð til að leggja könnun fyrir starfsfólk MR um líðan, þarfir, starfsanda og samstarf en henni var frestað og því lögð fyrir 2013-2014.

Starfsmannahandbók MR var endurbætt 2012-13 og prentuð óbreytt þetta ár.

Áfram var boðið upp á sérstaka æfingatíma í stærðfræði á laugardögum fyrir nemendur sem hafa sérstakan áhuga á stærðfræði.

Gerð var úttekt á stærðfræðikennslu níu framhaldsskóla á vegum Menntamálaráðuneytisins og var hún birt í maí 2014. Úttektin er í samræmi við 3. grein og 42. grein laga um framhaldsskóla, grunnskóla og leikskóla. Þar kom í ljós að Menntaskólinn í Reykjavík kom ágætlega út.

Áfram var haldið með gerð nýrrar námskrár sem tekur gildi haust 2015.

3. Lokaorð

Í samræmi við lög um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Skólaárið 2013-2014 voru gerðar ýmsar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hefur verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2013 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið með áherslu á rammaáætlun sem gerð hefur verið til fimm ára í senn. Skipaðir voru starfshópar sem settu fram spurningar fyrir kennslukönnun og viðhorfskönnun til starfsfólks. Fagstjórar voru beðnir um að leggja fyrir starfendakannanir og árið 2013-14 var framkvæmd starfendakönnun í stærðfræði. Allar kannanir voru lagðar fyrir í þeim tilgangi að auka gæði náms, kennslu og stuðla að umbótum á ýmsum sviðum skólastarfsins.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða utan að loknu stúdentsprófi.